

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

10. október 2005

Minnisblað

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2006

Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2006 eru áætluð 129.690 m.kr. Sértekjur, sem dragast frá, eru 3.749 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 125.941 m.kr.

Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 6.813,5 m.kr. milli árana 2005 og 2006, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu og niðurfellingar á tímabundnum framlögum í fjárlögum ársins 2005. Þar af nema launa- og verðlagsbætur 4.713,3 m.kr.

Breytingar á helstu málaflokkum ráðuneytisins eru eftirfarandi, án launa- og verðlagsbóta.

Tryggingamál.

Framlög til tryggingamála hækka samtals um **1.526,3 m.kr.** milli árana 2005 og 2006 að teknu tilliti til hagræðingarkröfu á málaflokkinn, en án launabóta. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna.:

Tryggingastofnun ríkisins.

Framlög til Tryggingastofnunar hækka sem hér segir eða samtals um **28,7 m.kr.**

- Til að mæta kostnaði vegna laga frá 26. apríl 2002 um breytingar á lögum um almannatrygginga, 20,6 m.kr. Þetta er til viðbótar 10 m.kr. hækkun rekstrargrunns árið 2003. Efla á samtímaeftirlit með greiðslu bóta, mæta kostnaði við endurreikning bóta, meðhöndla andmæli og innheimta kröfur í kjölfar uppgjors tekjutengdra bóta.
- Til reksturs lyfjagagnagrunns, 2,5 m.kr. til viðbótar 5,2 m.kr. á fjárlögum þessa árs.
- Til að mæta kostnaði við ráðningu sjúkráþjálfara til eftirlits með framkvæmd samninga við sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara, 5,6 m.kr.

Auk ofanritaðs verður 50 m.kr. varið til aukins eftirlits með greiðslum bóta almannatrygginga (sjá önnur verkefni). Sú fjárhæð verður til að byrja með vistuð á safnlið hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá mun Tryggingastofnun ríkisins einnig fá 10 m.kr. framlag af fjárveitingu Íslenska upplýsingasamfélagsins.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

- Til að mæta fjölgun bótaþega, **138 m.kr.** Um er að ræða nettó aukningu fjármagns til málaflokksins sem hvorutveggja getur falið í sér hækkun og lækkun á fjárveitingu til ólíkra bótaflokka. Slíkar breytingar taka mið af reynslutölum síðustu ára. Í þessu tilfelli er fjárveiting til endurhæfingarlífeyris og heimilisuppbótar hækkuð en lækkuð vegna umönnunargreiðslna.

Á bætur félagslegrar aðstoðar er gerð 226 m.kr. hagræðingarkrafa eins og síðar verður vikið að. Þá eru annars vegar 100 m.kr. færðar af bótum félagslegrar aðstoðar yfir á sjúkratryggingar (þjálfun) til að auka úrræði í starfsendurhæfingu og 394 m.kr. færðar á lífeyristryggingar til að hækka tekjutryggingarauka elli- og örorkulífeyrisþega.

Að teknu tilliti til hagræðingarkröfu og millifærslu fjár yfir í annars vegar sjúkratryggingar og hins vegar lífeyristryggingar lækka framlög til bóta félagslegrar aðstoðar um 582 m.kr. milli árana 2005 og 2006 (launabætur ekki meðtaldar).

Lífeyristryggingar.

- Til að mæta fjölgun bótaþega milli ára **1.094 m.kr.**

Til viðbótar eru 394 m.kr. færðar á lífeyristryggingar af bótum félagslegrar aðstoðar til að hækka tekjutryggingarauka elli- og örorkulífeyrisþega.

Sjúkratryggingar.

Samtals hækka framlög til sjúkratrygginga um **575, m.kr.** milli árana 2005 og 2006 að teknu tilliti til hagræðingarkröfu og millifærslu fjár yfir á aðra fjárlagaliði, en án launabóta. Hækkunin skýrist af eftirfarandi og tekur alla jafna mið af reynslu undangenginna ára:

- Aukinn lyfjakostnaður sem nemur samtals 7% aukningu frá gildandi fjárlögum, eða 465 m.kr. (aukin lyfjanotkun, er metin til 4% aukningar og tilfærsla yfir í nýrri og dýrari lyf er metin til 3% aukningar)
- Aukinn læknskostnaður, 103 m.kr., gert er ráð fyrir 3% magnaukningu frá fjárlögum þessa árs.
- Aukinn hjálpartækjakostnaður, 86 m.kr., gert er ráð fyrir 7% aukningu frá áætluðum útgjöldum þessa árs.
- Aukinn tannlæknakostnaður, 32 m.kr., miðað er við 2,5% fjölgun bótaþega.
- Aukinn kostnaður við sjúkraflutninga og ferðir innanlands, 43, m.kr.
- Aukinn kostnaður við þjálfun, 71 m.kr. Hér er einkum átt við sjúkraþjálfun, en reiknað er með ríflega 5 % aukningu frá fyrra ári.
- Lækkun sjúkradagpeninga, 58 m.kr. Síðustu árin hefur smá saman dregið úr útgjöldum vegna sjúkradagpeninga þar sem færri leita eftir þeim en áður. Sá samdráttur skýrst m.a. af því að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna hafa tekið yfir hlutverk þeirra.
- Hækkun framlags til starfsendurhæfingar, 30 m.kr., Til viðbótar eru 100 m.kr. færðar á sjúkratryggingar (þjálfun) af bótum félagslegrar aðstoðar til að auka úrræði í starfsendurhæfingu. Með þessari viðbót er verið að þrefalda fjárframlög til starfsendurhæfingar.

- Til aukinnar greiðsluþátttöku í tannréttingum barna með skarð í vör/góm, 8 m.kr.

Þá eru millifærðar af sjúkratryggingum 3,5 m.kr. á Landspítala – háskólasjúkrahús vegna nýrrar meðferðar hér á landi.

Á sjúkratryggingar (lyf) er gerð 300 m.kr. hagræðingarkrafa eins og síðar verður vikið að.

Slysatryggingar.

Samtals hækka framlög til slysatrygginga um **34,4 m.kr.** milli áránn 2005 og 2006. Hækkunin skýrist af eftirfarandi:

- Hækkun vegna aldurstengdrar uppþótar, 14 m.kr.
- Hækkun bóta til framfærslu, 31 m.kr. Fjöldi öryrkja sem fá eingreiðslu í kjölfar slyss hefur farið vaxandi undanfarin ár, en þó eru miklar sveiflur í vextinum. Örorða er aldrei metin fyrir en í fyrsta lagi einu ári eftir slys, oft líður lengri tími, jafnvel nokkur ár. Sveiflurnar hafa þ.a.l. áhrif á nákvæmni í áætlanagerð.

Á móti ofangreindu hækka ríkistekjur af slysatryggingagjaldi vegna sjómanna um 10,6 m.kr., en endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af slysatryggingagjaldi vegna sjómanna gerir ráð fyrir að þær hækki um 10,6 m.kr. milli áránn 2005 og 2006. Bætur slysatrygginga eru annars vegar fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og hins vegar með innheimtu slysatryggingagjaldi sjómanna.

Sjúklingatryggingar.

Til að mæta fjölgun bótaþega, **32 m.kr.** Árið 2004 fjölgaði umsóknum um bætur vegna sjúklingatryggingar um 71% frá árinu áður. Málin eru þung í afgreiðslu og nokkur tími getur liðið frá því umsókn berst og þar til ákvörðun um bótaskyldu liggur fyrir. Það tekur því lengri tíma en ætlað var í upphafi að bótaflokkurinn nái fullum þroska, en lögin um sjúklingatryggingu tóku gildi á árinu 2001.

Eftirlaunasjóður aldraðra.

Lækkun framlags til Eftirlaunasjóðs aldraðra mun nema **60 m.kr.** á næsta ári.

Samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eiga aldraðir menn, sem ekki eiga rétt skv. 1. kafla þeirra laga né skv. 11. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði.

- Eru fæddir árið 1914 eða fyrir.
- Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- Eiga að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi sbr. 11. gr. laga um eftirlaun til aldraðra.

Einstaklingum sem fá greitt úr sjóðnum fækkar milli ára. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins 161 m.kr. árið 2003 og hafði lækkað um 23 m.kr. frá fyrra ári. Gera má áfram ráð fyrir hliðstæðri lækkun á milli ára og er því

áætlað að útgjöld sjóðsins árið 2006 verði um 100 m.kr. eða um 60 m.kr. lægri en áætlun ársins 2005 gerði ráð fyrir.

Sjúkrahús/sjúkrastofnanir/sjúkrasvið heilbrigðisstofnana.

Framlög til sjúkrahúsa, sjúkrastofnana og sjúkrasviða heilbrigðisstofnana hækka samtals um **369,5 m.kr.** milli árana 2005 og 2006 og eru veitt framlög til eftirfarandi verkefna:

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

- Innrétting Suðurálmú, 16 m.kr. Framkvæmdum við innréttingu 0-hæðar í Suðurálmú er lokið. Á fjárlögum 2005 eru 124 m.kr. til að ljúka innréttingu á annarri af þeim tveimur hæðum sem eftir eru. Unnið hefur verið að hönnun þeirra beggja og er því verki u.þ.b. að ljúka og hægt að hefja framkvæmdir við aðra þeirra nú á haustmánuðum. Æskilegt er þó að bjóða báðar hæðirnar út í einu lagi til að skapa samfellu í framkvæmdum og ná fram hagstæðari verði. Á fyrstu hæð álmunnar verður innréttuð aðstaða fyrir lyfjagæði III, ferliverka- og göngudeildarþjónustu, svo og speglunardeild og lífeðlisfræði. Á annarri hæð er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir yfirstjórn, tölvudeild ofl. Áætlaður kostnaður við innréttingu einnar hæðar er um 130 m.kr. en auk þess þarf að gera ráð fyrir viðbótarkostnaði við lokafrágang álmunnar og kostnaði við frágang lóðar. Samtals er gert ráð fyrir 140 m.kr. kostnaði til að ljúka innréttingu álmunnar árið 2006.
- Til að mæta aukinni starfsemi á sviði krabbameinssjúklinga, 12 m.kr. Nýgengi margra krabbameina fer vaxandi og lætur nú nærri að 30% starfsemi Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri snúist um meðferð krabbameina með skurðlækningum, rannsóknum og lyfjameðferð. Á síðustu árum hefur sjúkrahúsið lagt áherslu á að auka gæði þjónustu við krabbameinssjúka. Það hefur verið gert með því að bæta rannsóknarmöguleika með nýju tölvusneiðmyndatæki og ísótóparannsóknatæki og á síðasta ári bættist við segulóm tæki sem eykur greiningarmöguleika enn frekar. Stórt skref var stigið með því að færa nær alla krabbameinslyfjagjöf á dagdeild lyflækningadeildar (LII). Með því var sérhæfing aukin og gæði og öryggi þjónustunnar. Samkvæmt rannsókn Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri sem gerð var 1999 greinast um 70 einstaklingar á ári með krabbamein á sjúkrahúsinu og fer sú tala hækkanandi ár frá ári. Þessum stóra sjúklingahópi hafa sérfræðingar sjúkrahússins sinnt vel en nú er svo komið að umsvif þessa eru það mikil að þörf er á heimild til að ráða sérfræðing í krabbameinssjúklingum ásamt teymi sem getur sinnt þessu á sama hátt og gert er á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Áformað er að stofna líknarteymi til stuðnings og ráðgjafar, þá sérstaklega tímabilið eftir sjúkdómsgreininguna.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

- Til eflingar þjónustu við sjúklinga sem stríða við átröskun, 16 m.kr. Árið 2001 var stofnað þverfaglegt átröskunarteymi á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss. Aðsókn að teyminu hefur verið mun meiri en búist var við í upphafi og meðferð sjúklinganna tímafrek. Áformað er að hefja sérhæfða meðferð átröskkana á dag- og göngudeild geðsviðs LSH.

- Til að mæta aukinni starfsemi á sviði krabbameinslækninga, 40 m.kr. Nýgengi krabbameins eykst um 3% árlega og einstaklingum með krabbamein fjölga um 5%. Þjónusta við krabbameinssjúka, bæði læknanði og líknandi, eykst.
- Til eflingar tannlæknaþjónustu í sjúkrahúsinu, 19,5 m.kr. Áformað er að efla tannlæknaþjónustu á sjúkrahúsinu og sinna m.a. áhættusjúklingum sem þurfa sérhæfða meðferð, börnum með skarð í vör eða gómgalla og einstaklingum sem vilja nýta sér göngudeildarþjónustu tannlæknanema.
- Til styrkingar rekstrargrunns sjúkrahússins, 77 m.kr.
- Hækkun framlags til viðhalds, 55 m.kr.

Að auki eru millifærðar fjárheimildir til Landspítala – háskólasjúkrahúss af öðrum fjárlagaliðum. Í fyrsta lagi 12 m.kr. til að mæta kostnaði við laun ófaglegs starfsfólks sjúkrahótels. Í öðru lagi 40 m.kr. til að mæta aukinni og efltri þjónustu við geðfatlaða einstaklinga og í þriðja lagi 3,5 m.kr. vegna nýrrar meðferðar á spítalanum (lokun á opi milli hjartagátta með Amplatzerneti). Til þessara verkefna fengust einnig fjárveitingar á árinu 2005. Þá eru millifærðar af spítalanum 1,7 m.kr. vegna flutnings ferliverkaeininga til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.

Heilbrigðisstofnanir.

- Til styrkingar rekstrargrunns heilbrigðisstofnana í vanda, 70 m.kr.
- Til að tryggja starfsemi skurðstofu í Vestmannaeyjum yfir sumartímann, 10 m.kr.
- Til að styrkja rekstrargrunn St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, 14 m.kr.
- Til endurnýjunar myndgreiningarþúnaðar á heilbrigðisstofnunum, 14,7 m.kr.

Til viðbótar ofantöldu eru 20 m.kr. millifærðar af safnlið yfir á sjúkrasvið Heilbrigðisstofnunarinnar Suðurnesjum. Einnig eru framlög til Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi hækkuð um 10 m.kr. vegna breytinga á tveimur dvalarrýmum í jafnmörg hjúkrunarrými. Á móti lækka óskipt framlög á öðrum fjárlagaliðum til reksturs dvalar- og hjúkrunarrýma. Loks eru 1,7 m.kr. millifærðar til St. Jósefsspítala, Hafnarfirði af Landspítala – háskólasjúkrahúsi vegna flutnings ferliverkaeininga.

Önnur sjúkrahúsþjónusta.

- Til aukinnar fagþjónustu á Sogni, 3 m.kr.
- Til meðferðar opiúmflkla á Vogu, 2,3 m.kr. Til viðbótar eru 7,7 m.kr. millifærðar af safnlið vegna þessarar meðferðar, þannig að heildarframlag nemur 10 m.kr. Framlag þetta var einnig veitt tímabundið árið 2005 af safnlið.
- Til eflingar göngudeildar og næringarsviðs Reykjalundar, 20 m.kr.

Öldrunarþjónusta.

Framlög til öldrunarþjónustu hækka samtals um **337,5 m.kr.** milli árana 2005 og 2006. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- Til heilsársreksturs 11 hjúkrunarrýma hjá hjúkrunarheimilinu Fellsenda, Búðardal, 46,5 m.kr.
- Til að fjölda dagvistarrýmum um 15, 13 m.kr.

- Til reksturs 20 rýma dagvistar fyrir minnissjúka í Hafnarfirði, 41 m.kr. Dagvistin verður opnuð í árslok 2005 í húsnæði sem Hafnarfjarðarbær innréttar og leigir Félagi áhugafólks og aðstandanda Alzheimersjúklinga og annarra minnissjúkra (FAAS) sem reka mun dagvistina. Félagið rekur Friðuhús í Reykjavík, sem einnig er dagvistun fyrir minnissjúka.
- Til reksturs 30 hjúkrunarrýma í Hlíð, Akureyri frá 1. september 2006, 50 m.kr.
- Til fjölgunar hjúkrunarrýma og breytingar á dvalarrýmum í hjúkrunarrými, 113 m.kr.
- Hækkun gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra skilar 74 m.kr. auknu framlagi til stofnframkvæmda/uppbyggingar hjúkrunarheimila á árinu 2006.

Heilsugæsla.

Framlög til heilsugæslunnar hækka samtals um **146,9 m.kr.** milli árana 2005 og 2006 og eru veitt framlög til eftirfarandi verkefna:

- Til að mæta kostnaði við tímabundna stöðu heilsugæslulæknis á Egilsstöðum, 8,5 m.kr.
- Til að mæta kostnaði við nýja stöðu heilsugæslulæknis við heilbrigðisstofnun Suðurlands, 3,7 m.kr. (hlutastarf).
- Til aukinnar heimahjúkrunar, 20 m.kr.
- Til reksturs nýrra heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu (Hafnarfjörður, Heima- og Vogahverfi, Salahverfi), 42,7 m.kr.
- Til sjúkraflutninga 60 m.kr.
- Til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar, 12 m.kr. (Til viðbótar koma 8 m.kr. af safnlið, þ.a.l. 20 m.kr. verður samtals varið í verkefnið).

Tvær nýjar heilsugæslustöðvar verða opnaðar á haustmánuðum 2005, annars vegar í Hafnarfirði og hins vegar í Heima- og Vogahverfi. Þá aukast framlög til heilsugæslustöðvarinnar í Salahverfi í samræmi við samning (fjölgun koma). Útgjöld vegna sjúkraflutninga eru að aukast milli ára og skýrist hækkun útgjalda af auknum flutningum á höfuðborgarsvæðinu, breytingum á fyrirkomulagi flutninga í Árnessýslu og endurnýjun samnings um útvegum og rekstur sjúkrabifreiða. Þá verður haldið áfram að styrkja og efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar.

Þá eru millifærðar fjárveitingar til einstakra heilsugæslustöðva af safnliðum vegna m.a. geðverndarverkefna og heimahjúkrunar.

Önnur verkefni.

Framlög til ýmissa annarra verkefna hækka samtals um **166,1 m.kr.**

- Til að mæta kostnaði við aukið eftirlit með greiðslum bóta almannatrygginga, 50 m.kr.
- Hækkun framlags við viðhalds stofnana HTR, 12 m.kr.
- Til reksturs sjúkrahótels, 15,9 m.kr.
- Gagnkvæm starfsmannaskipti íslenskra og kínverskra starfsmanna, 11 m.kr.
- Til Landlæknis til að mæta kostnaði við lögbundið eftirlit embættisins, 5 m.kr.
- Til Sjónstöðvar Íslands vegna aukinnar greiðsluþátttöku í gleraugnakostnaði barna og unglunga undir 18 ára aldri, 38 m.kr.
- Til styrktar rekstrargrunns Sjónstöðvar Íslands og til aukinnar tölvuhjálpartækja, 19,5 m.kr.

- Til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna endurnýjunar á þjónustusamningi, 5 m.kr.
- Til endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri vegna aukinnar þjónustu, 1 m.kr.
- Framlög til upplýsingamála hækka um 8 m.kr.
- Til Lýðheilsustöðvar vegna aukinnar hlutdeildar í áfengisgjaldi, 0,7 m.kr.

Til biðbótar við ofangreint mun Landlæknir fá 5 m.kr. framlag af fjárveitingu íslenska upplýsingasamfélagsins. Þá eru 4,5 m.kr. millifærðar af safnið ráðuneytis á viðfang Sumardvalarheimilis í Reykjadal.

Hvað varðar aukin framlög til Sjónstöðvarinnar er þess að geta að hún hefur nú starfað í 18 ár, er alhliða endurhæfingarstöð fyrir blinda og sjónskerta og sinnir öllu landinu. Stöðin stendur frammi fyrir aukinni og vaxandi þörf fyrir endurhæfingu sjónskertra, en það er í takt við þá þróun sem orðið hefur almennt í málefnum fatlaðra. Skjólstæðingum og viðfangsefnum stöðvarinnar fjölgar jafnt og þétt og áherslur í þjónustunni breytast. Fyrstu árin fólst starfsemin aðallega í úthlutun og kennslu í notkun ýmiskonar sjónhjálparkækja og hvítra stafa. Nú er áherslan lögð á heildstæða endurhæfingu sem sniðin er að þörfum hvers og eins og unnin í samstarfi við fjölskyldu og aðrar stofnanir sem koma að þjónustunni við viðkomandi. Mikilvægt er að endurhæfingin eigi sér stað í daglegu umhverfi viðkomandi, á heimili, í skóla og í vinnu. Það gerir það að verkum að starfsmenn Sjónstöðvarinnar sinna vinnu sinni mikið utan stofnunarinnar. Skjólstæðingar stöðvarinnar eru nú um 1500 talsins, það eru sjónskert börn á leikskóla- og grunnskólaaldri, unglingar í framhaldsskólum, einstaklingar í háskóla og á vinnumarkaði auk aldraðra. Að jafnaði fjölgar skjólstæðingum stöðvarinnar um 20 á ári hverju. Samfara breyttri og bættri þjónustu hefur kostnaður við rekstur stöðvarinnar aukist hröðum skrefum einkum síðustu tvö árin og er svo komið að stöðin ræður ekki við reksturinn nema að aukið fjármagn komi til. Þá þýðir þróunin í tölvuhjálparkækjum fyrir sjónskerta í reynd byltingu í lífi viðkomandi einstaklinga. Þessi hjálparkæki eru m.a. blindratölvur, talgervlar, skjálestrarforrit og stækkunarforrit. Af 1500 einstaklingum sem eru skjólstæðingar stöðvarinnar eru um 150 einstaklingar sem geta nýtt sér tölvuhjálparkæki.

Niðurfelling tímabundins framlags.

Fellt er niður tímabundið 437,5 m.kr. framlag til uppbyggingar hjúkrunarheimila á árinu 2005 (einnig tímabundið árið 2004) og tímabundið framlag til Geislavarna ríkisins vegna vöktunar geislunar. Samtals niðurfelldar **439,5 m.kr.**

Aðhaldsaðgerðir.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðuneytinu gert að hagræða í starfsemi sinni sem nemur samtals **526,4 m.kr.** Útfærsla ráðuneytisins á hagræðingarkröfunni er eftirfarandi:

- Afnáam bensínstyrks, 226,4 m.kr.
- Lækkun lyfjaútgjalda, 300 m.kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2006 er lagt til að lagaheimild Tryggingastofnunar ríkisins til að greiða uppbót á elli-, örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiðar, þ.e. bensínstyrk, verði felld niður frá 1. janúar 2006. Að óbreyttu er gert ráð fyrir 720 m.kr. (á verðlagi 2005) til að greiða bensínstyrk, á árinu 2006. Í tillögunni er

gert ráð fyrir að um 400 m.kr. verði notaðar til að hækka tekjutryggingarauka og 100 m.kr. fari til að fjölga úrræðum í starfsendurhæfingu þeirra sem hafa veikst eða slasast og dottið tímabundið út af vinnumarkaði. Þá eru 226 m.kr. felldar niður og nýttar til að mæta almennum hækkunum í almannatryggingakerfinu. Frá fjárlögum þess árs hækka bætur almannatrygginga samtals um 2,6 milljarða, þ.a. eru verðbætur ríflega milljarður.

Rökin fyrir niðurfellingunni:

- Bensínstyrkur var í upphafi hugsaður sem stuðningur við hreyfihamlaða. Miðað við fjölgun þeirra sem fá bensínstyrkinn virðist hann hafa verið að breytast og verða almennari sem bótaflokkur, eingöngu fyrir þá sem eiga bíl. Útgjöldin vegna bensínstyrks hafa u.þ.b. tvöfaldast frá árinu 2000, en þá voru þau 389 m.kr., miðað við verlagsforsendur frumvarpsins hefðu þau orðið um 750 m.kr. á árinu 2006. Útgjaldaaukningin og fjölgun í hópi þeirra sem fá styrkinn undirstrikar að bótaflokkurinn er orðinn almennari en í upphafi var gert ráð fyrir. Í ljósi þróunarinnar hefur verið ákveðið að fella styrkinn niður. Í stað bensínstyrksins hefur hins vegar verið ákveðið að hækka tekjutryggingaraukann sem kemur í hlut þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og bæta þannig kjör þeirra.

Það er mat ráðuneytisins að meira jafnræðis sé gætt með því að nota stærstan hluta þess fjármagns sem losnar við niðurfellinguna til að hækka tekjutryggingaraukann um a.m.k. 20%. Tekjutryggingaraukinn er ætlaður þeim sem engar tekjur hafa aðrar en bætur almannatrygginga sér til framfærslu. Hækkun hans kemur sér því best fyrir þá sem minnst hafa úr að spila.

- Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun voru um 6.800 einstaklingar með bensínstyrk í maí 2005, þ.a. eru um 60 einstaklingar sem hafa engar tekjutengdar bætur frá Tryggingastofnun. Á sama tíma voru ríflega 13.100 lífeyrisþegar með tekjutryggingarauka. Það er því verið að flytja fjármagn frá þeim sem betur eru settir yfir til þeirra sem ver eru settir.
- Þá er einnig verið að nota það fjármagn sem losnar til að efla starfsendurhæfingu þeirra sem á þurfa að halda, með því að fjölga úrræðum í starfsendurhæfingu og reyna þannig að koma í veg fyrir að einstaklingar fari á örorkubætur. Í frumvarpinu er samtals verið að þrefalda það fjármagn sem varið er til starfsendurhæfingar frá fjárlögum þessa árs.

Áformað er að fylgja eftir stefnumótun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og samkomulagi við hagsmunaaðila á árinu 2004 um lækkun lyfjaverðs til þriggja ára. Er m.a. áformað að ráðast í sérstakt átak í lyfjamálum heilsugæslunnar og áhersla lögð á skynsamlegri og hagkvæmri notkun lyfja.